

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
21.11.2019	17:00	HT stofa 101	7
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Jóna Þórey Pétursdóttir	Helga Lind Mar	21.11.19	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Róbert Ingi Ragnarsson (RIR) (R)			
Ingveldur Anna Sigurðardóttir (IAS) (V)			
Lilja Guðmundsdóttir (LG) (R)			
Tinna Líf Jörgensdóttir (TLJ) (R)			
Úlfur Traustason (ÚT) (V)			
Viktor Örn Ásgeirsson (VÖÁ) (R)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Tinna Alicia Kemp (TAK) (V) fyrir Azra Crnac (AC)			
Eyrún Baldursdóttir (EB)			
Freydís Þóra Þorsteinsdóttir (FÞÞ)			
Tinna Alicia Kemp (TAK) (V) fyrir Ragna Kristín Guðbrandsdóttir (RKG)			
Vigdís Ólafsdóttir (VÓ)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Eva Ragnarsdóttir Kamban fyrir Dagur Fannar Magnússon (ERK) (R)			
Derek Terell Allen (DTA) (V)			
Ragnhildur Þrastardóttir (RÞ) (R)			
Þórdís Dröfn Andrésdóttir (ÞDA) (R)			
Þórhildur Elísabet Þórsdóttir (ÞEP) (R)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Sigurður Vopni Vatnsdal (SVV) (R)			
Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir (AÓS) (R)			
Björnfríður S Björnsdóttir (BSB) (V)			
Hrannar Rafn Jónasson (HRJ) (R)			
Kolbrún Lára Kjartansdóttir (KJK) (V)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Aðalbjörg Egilsdóttir (AE) (R)			
Sólveig Daðadóttir (SD) (R) fyrir Ásmundur Jóhannsson (ÁJ) (R)			
Tinna Tómasdóttir (TT) (V) fyrir Guðrún Karitas Blomsterberg (GKB) (V)			
Jessý Rún Jónsdóttir (JRJ) (R)			
Einar Halldórsson (EH) (V)			

Aðrir (án atkvæðisréttar):

Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs (JPP)  
Marínó Örn Ólafsson, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs (MÖÓ)  
Guðjón Björn Guðbjartsson, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs (GBG)  
Benedikt Traustason, varaforseti Stúdentaráðs (BT)  
Helga Lind Mar, framkvæmdastýra Stúdentaráðs (HLM)  
Elísabet Brynjarsdóttir, Aurora fulltrúi Stúdentaráðs (EB2)  
Kolfinna Tómasdóttir, alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs (KT)

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:Heilbrigðisvísindasvið:Hugvísindasvið:Menntavísindasvið:Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

**Stúdentaráðsfundur fimmtudaginn 21. nóvember 2019 kl 17:00 í HT-101**

**Fundardagskrá**

1. [Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar \(atkvæðagreiðsla\) 17:00-17:05](#)
2. [Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15](#)
3. [Kynning á Kveikju, 17:15-17:40](#)
4. [Nefndir \(atkvæðagreiðsla\) 17:40-17:55](#)
  - a. [Jafnréttisnefnd kynnir sig og ber upp breytingar á stefnu.](#)
  - b. [Forseti umhverfis- og samgöngunefndar: - störf við HÍ. Aðalbjörg](#)
  - c. [Kjör í kjörstjórn](#)
5. [Hlé 17:55-18:00](#)
6. [Tillaga um FeDon \(atkvæðagreiðsla\) 18:00-18:10](#)
7. [Tillaga um áskorun SHÍ til Háskólaráðs \(atkvæðagreiðsla\) 18:10-18:30](#)
8. [Aðgengismál \(atkvæðagreiðsla\) 18:30-18:50](#)
9. [LÍN/Menntasjóður 18:50-19:10](#)
10. [Hlé 19:10-19:15](#)
11. [Hinsegin mál 19:15-19:35](#)
12. [Student Hardship fund \(atkvæðagreiðsla\) 19:35-19:50](#)
13. [Önnur mál 19:50-20:00](#)
  - a. [Aðgengi að aukakennurum - Azra Crnac \(atkvæðagreiðsla\)](#)

- b. [Samgöngumál - Ingveldur Anna](#)
  - c. [Mótmæli](#)
14. [Bókfærð mál](#)

## 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Kosning: Einróma samþykkt.

*HLM með bókun í byrjun fundar: Mig langar bara að segja nokkur orð um þessar aðstæður sem eru komnar upp hérna. Nú hef ég gengt trúnaðarstöðu innan beggja fylkinga og ég hef lagt í vana minn að bæði fagna góðum verkum sama hvaðan þau koma og gagnrýna vinnubrögð sem ég tel ekki fagleg, sama hvaðan þau koma.*

*Ég starfa á skrifstofunni sem faglega ráðin og þ.a.l. óháð. Ég ber mikla virðingu fyrir því og tel mig passa uppá það í störfum mínum og vona að það skili sér til beggja fylkinga. Að því sögðu þá við ég segja að það er eðlilegt að fólk takist á í pólitík, þar er eðlilegt að það komi upp ágreiningsmál og trúið mér, þetta starfsár hefur gengið vonum framár þar sem ég raunverulega trúi að það sé samstarfsvilji meðal allra hérna inni.*

*En það sem skilgreinir okkur er hvernig við tökumst á við ágreining og hvernig við göngum í burtu frá því. Á þessum fundi í dag erum við að ræða mjög mikilvæg málefni, við erum að tala um LÍN, við erum að ræða tanngreiningamál og það er mikilvægt að við látum þau mál ganga fyrir í dag, og beini ég því til beggja fylkinga.*

*Ég verð fyrir mitt leiti að segja að mér hefur finnst Jóna hafa unnið mjög faglega allt þetta starfsár og er ég alveg innilega stolt af þeirri skrifstofu sem ég hef sem samstarfsfólk. Það er hinsvegar enginn fullkominn og við eigum alltaf að vera skoða hvernig samskipti við erum að eiga. Bæði skrifstofa og meðlimir stúdentaráðs. Ég veit fyrir víst, og vísa í póstinn hennar Jónu sem fór út í dag, að það eru allir af vilja gerðir til að eiga þetta samtal og er þá á ábyrgð stúdentaráðs að koma og nýta sér það. En ég vona að það sé hægt að leggja þetta til hliðar núna og ræða þessi málefni af heilindum.*

*Að lokum vil ég aftur minna á þau úrræði sem við bjóðum uppá. Þið getið alltaf haft samband við sálfræðiþjónustuna og fengið þar vettvang til að ræða málefni sem hafa komið upp í ykkar vinnu innan ráðsins. Skrifstofan fær reikning sem er samt ekki hægt að rekja til baka á neinn hátt til einstaklingsins sem nýtti þjónustuna.*

*HLM þekkur til klappþema sem er einróma samþykkt.*

## 2. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15

- a. Nýr varaforseti LÍS: Ragnhildur Þrastardóttir, kjörin á fulltrúaráðsfundi 11. nóvember sl. Verður í 60%.
- b. 100 ára afmælisnefndin farin af stað og fundaði 13. nóv. og farið var yfir gameplan og næstu skref með skipulagningu afmælisins. Til skoðunar að ráða verkataka í viðburðarstjórnun nokkurra stóra viðburða yfir árið og til skoðunar hvernig eigi að hátta slíkum málum. Við erum þó búnar að hefjast handa við frumvinnu í að halda viðburðina. Fundur með Gamla Bíói í næstu viku með möguleika á að halda stóra tónleika þarr
- c. Nemendafélagsfundur 14. nóvember. Þar var farið yfir kosningar til stúdenta- og háskólaráðs, annað vísó í stúdentaráð. Einnig var kynning á tengslatorgi í kvölfar síðasta SHÍ fundar og farið var yfir stöðu helstu hafsmunamála framundan auk þess að borðið var uppá spurningar frá félögunum.
- d. MSN/LÍN búið að taka yfir störf síðustu vikur
- e. Háskólaþing: Farið yfir ýmis mál sem má finna hér fyrir neðan í [fylgiskjali 1](#)
- f. Jóna minnr á þær fundargerðir stjórnar sem eru til upplýsinga en í fundargerðinni sem fylgir gögnum fyrir þennan fund eru góðar upplýsingar um hvað er að fréttu á hverju sviði fyrir sig. Komið gróft plan yfir dagsetningar næstkomandi SHÍ funda, ekki endanlegar upplýsingar en hægt að gera ráð fyrir að það skeiki bara um 1 dag. Næsti SHÍ fundur hugsaðu sem eiginleg litlu jól. Fundartímar eru þá eftirfarandi  
21. janúar  
18. febrúar  
10. mars lagabreytingafundur

## 3. Kynning á Kveikju, nýju námskeiði á sviði samfélagslegrar nýsköpunar, sem ætlað er þriðja árs nemendum af öllum fræðasviðum 17:15-17:40

- a. <http://www.hi.is/kveikja>  
Samfélagsleg nýsköpun.  
Það er hluti af stefnu háskólans að auka áherslu á samfélagslega nýsköpun.  
Vettvangur fyrir fólk í grunnnámi til að tækla þau samfélagslegu vandamál sem eru að koma fram í dag. Hvaða feril þau vilja byggja upp. Þróað í samvinnu við aðstoðarektorana tvo og einstaklinga innan allra fræðasviða HÍ. Hugmyndin er að það verði tengslamyndun fyrir hádegi og eftir hádegi verði heimsmarkmiðin tekin fyrir. Miðað við 5 undirmarkmið sem fólk getur valið sér. Nokkrar mismunandi lausnir á hverju vandamáli. Er einn dagur til að byrja með. Það er hægt að skrá sig núna og það er ekki bindandi. 20 pláss fyrir hvert fræðasvið. Draumurinn er að þetta verði skyldukúrs.

## 4. Nefndir (atkvæðagreiðsla) 17:40-17:55

- a. Jafnréttisnefnd kynnir sig og ber upp breytingar á stefnu.

# Stefna Stúdentaráðs Háskóla Íslands í jafnréttismálum

## 1. Aðgengismál

Aðgengismálum er mjög ábótavant í Háskóla Íslands. Það er ólíðandi að í opinberum háskóla sem á að vera fyrir alla sé stórum hópum samfélagsins mismunað eins og raun ber vitni með skertu aðgengi að byggingum, skólastofum og öðrum rýmum. Hægt er að ráðast í fjölmargar aðgerðir til að bæta aðgengi í Háskóla Íslands og standa þannig við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Markmið	Aðgerðir
Vekja athygli á skertu aðgengi fatlaðs fólks í Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Fá einhvern frá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks til að fara með okkur í úttekt á aðgengi á háskólasvæðinu.</li> <li><input type="checkbox"/> Framleiða myndband þar sem athygli er vakin á skertu aðgengi og dreifa myndbandinu á samfélagsmiðlum.</li> <li><input type="checkbox"/> Skrifa skýrslu fyrir stjórnslu HÍ með tillögum um úrbætur í aðgengismálum.</li> </ul>
Bæta aðgengi í Stúdentakjallaranum	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Halda áfram að þrýsta á Félagssstofnun stúdenta um að finna lausnir fyrir bætt aðgengi í Stúdentakjallaranum.</li> </ul>
Bæta aðgengi allra á háskólasvæðinu	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Setja blindraletur á flokkunartunnur.</li> <li><input type="checkbox"/> Leggja fleiri blindralínur.</li> <li><input type="checkbox"/> Aðgengi að lesstofum: Hurðaopnara á hurðir, sérstakir lampar fyrir sjónskerta og hækkanleg borð.</li> <li><input type="checkbox"/> Koma fyrir lyfturum á völdum klósettum á háskólasvæðinu.</li> <li><input type="checkbox"/> Halda áfram að þrýsta á bætt aðgengi í skólastofur og að nemendur með þörf á aðgengi lendi ekki í óaðgengilegum stofum.</li> </ul>
Barátta gegn mismun, fordómum og óráreiti	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Benda á óréttlæti innan skólans þegar kemur að málefnum fatlaðs fólks.</li> <li><input type="checkbox"/> Vitundarvakning um að fordómar og mismunun vegna fötlunar á sér stað innan veggja skólans. Með til dæmis málþingi eða plakötum.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Að tilkynninga hnappurinn á Uglu ná einnig yfir fötlunarfórdóma og hatursorðræðu.</li> <li><input type="checkbox"/> Fordæma skal mismunun á grundvelli fötlunar þegar kemur að námi og námsúrræðum.</li> </ul>
Auka námsframboð fyrir stúdenta með þroskahömlun	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Hvetja deildir háskólans að bjóða stúdentum með þroskahömlun aðgang á námskeiðum deildanna með t.d. stuðningi og auðlesnum texta.</li> </ul>

## 2. Nemendur með andleg veikindi

Nemendur sem glíma við andleg veikindi eiga að njóta sömu réttinda og nemendur sem glíma við önnur veikindi. Dæmi eru um að nemendur með andleg veikindi mæti ekki nógu miklum skilningi og jafnvel fordómum vegna veikinda sinna. Þetta þarf að laga. Þá er sálfræðipjónusta fyrir nemendur HÍ mjög ábótavant og brýn þörf á bættri þjónustu.

Markmið	Aðgerðir
Aukin sálfræðipjónusta fyrir nemendur háskólans	Halda áfram að þrýsta á aukna sálfræðipjónustu við nemendur með þrýstingi á stjórn HÍ og sómuleiðis á heilbrigðis- og menntamálaráðherra.
Kennarar fái fræðslu um andleg veikindi og viðbrögð við slíku	Standa fyrir fæðslu um geðheilsu fyrir öll svið háskólans með það markmið að auka skilning kennara á aðstæðum fólks með andleg veikindi og tryggja að kennarar séu á sömu línu varðandi réttindi nema með andleg veikindi.

## 3. Málefni hinsegin fólks

Í Háskóla Íslands á hinsegin fólki að líða vel. Gagnkynhneigð viðmið og kynjuð orðræða á að heyra sögunni til í háskólasamfélaginu. Í þessum efnum er brýnt að auka fræðslu meðal nemenda og starfsfólks, fjölga kynlausum rýmum og stuðla að meiri umræðu um málefnið.

Markmið	Aðgerðir
Stuðla að aukinni hinsegin fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Bjóða öllum sviðum HÍ og stjórnemendafélaga upp á hinsegin fræðslu í samstarfi við Q-félagið.</li> <li><input type="checkbox"/> Hvetja nemendafélög til að fara í vísó til Q-félagsins eða Samtakanna '78.</li> <li><input type="checkbox"/> Þrýsta á sérstaka hinsegin fræðslu fyrir nemendur í heilbrigðis- og menntavísindum.</li> </ul>

Stuðla að ókynjaðri orðræðu og umhverfi í Háskóla Íslands

- Halda málþing með hinsegin fólki og íslenskufræðingum með það að markmiði að stuðla að umræðu um kynjaða orðræðu og kynhlutlaus fornöfn.
- Þrýsta á að skoðanakannanir verði ekki sendar út til nemenda þar sem aðeins er hægt að velja tvö kyn.
- Halda fund með markaðs- og samskiptasviði HÍ um kynjaða orðræðu í fréttum og tilkynningum frá Háskólanum.
- Þrýsta á að hægt sé að skrá önnur kyn en kk og kvk við skráningu í skólann.
- Útbúa fræðsluefni um hinsegin hugtök, orðræðu, fornöfn ofl á netinu og t.d. á veggspjöld.
- Þrýsta á fjölgun kynlausra klósetta.
- Að Ugly bjóði upp á þann valmöguleika að skrá rétt fornafn undir upplýsingar um nemanda.**
- Hafa valmöguleika á að skrá rétt fornafn í umsókn fyrir nám við Háskóla Íslands.**
- Ræða við stjórn Háskóla Íslands um að verðlaun sem eru gefin undir nafni skólans ýti ekki undir kynjatvíhyggju. Að kynsegin kennarar og starfsfólk eigi einnig möguleika á því að hljóta verðlaunin.**

#### 4. Kynning á starfsemi skólans út á við

Í Háskóla Íslands er fjölbreytt flóra bæði starfsfólks og nemenda. Kynningarefni á vegum Háskóla Íslands á að endurspeglar þessa fjölbreytni og á að sýna fólk með mismunandi bakgrunn og af mismunandi stigum samfélagsins.

Markmið	Aðgerðir
Kynningarefni á vegum Háskólans gefi fjölbreyttari mynd af nemendum	<input type="checkbox"/> Eiga samtalið við Markaðs- og samskiptasvið HÍ um að huga að sýnileika allra hópa í kynningarefni.

#### 5. Upptökur á fyrirlestrum

Ýmsar gildar ástæður geta verið fyrir því að nemendur geti ekki mætt í fyrirlestra. Því er mikilvægt að kennarar taki upp fyrirlestra svo nemendur geti nálgast þá og sé ekki mismunandi fyrir að geta ekki mætt.

Markmið	Aðgerðir
Stuðla að því að fyrirlestrar séu í auknum mæli teknir upp og birtir nemendum á netinu	<input type="checkbox"/> Eiga samráð við kennslumálanefnd SHÍ og reyna að leysa málið með því að stinga

upp á einhverri máламиðlun, t.d. að allir fyrirlestrar verði teknir upp en ekki birtir nema nemendur biðji sérstaklega um það í pósti til kennara og að skerpt verði á réttindum kennara gagnvart óheimilli dreifingu á upptökum úr fyrirlestrum.

## 6. Jafnrétti kynja

Jafnrétti kynja hefur ekki verið náð í íslensku samfélagi. Mikilvægt er að háskólasamfélagið vinni markvisst að því að ná jafnrétti og að útrýma kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri áreitni innan veggja háskólans.

Markmið	Aðgerðir
Vinna að jafnrétti allra kynja í Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Stuðla að virkri umræðu og fræðslu fyrir svið HÍ um jafnrétti kynjanna og um karllæg viðmið í kennslu.</li> <li><input type="checkbox"/> Vinna að því að jafna hlutföll kynja í námsgreinum þar sem eitt kyn er í miklum meirihluta.</li> <li><input type="checkbox"/> Að fyrirmyndir kvenna og annarra jaðarhópa t.d. fatlaðs fólks og hinsegin fólks séu til staðar í öllu námsefni.</li> </ul>
Viðhald og kynning á stefnu og verklagsreglum í tengslum við einelti og ofbeldi	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Tryggja reglulega endurskoðun á stefnu og verklagsreglum HÍ um viðbrögð við einelti og ofbeldi.</li> <li><input type="checkbox"/> Vinna að því að upplýsingum um réttindi nemenda og viðbrögð við einelti og kynferðislegu ofbeldi verði stórbætt t.d. með því að nýta nýnemadagana og nemendafélögin.</li> </ul>
Samtvinnun sem grundvöllur að jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Jafnrétti næst ekki fyrr en allir hópar samfélagsins njóta sömu réttinda. Öll vinna jafnréttisnefndar SHÍ á að byggja á samtvinnun mismunarbreyta. Fólk getur tilheyrt fleiri en einum jaðarhópi. Það er ekki nóg að berjast fyrir einu málefni í einu.</li> </ul>

## 7. Jafnrétti óháð uppruna

Öll eiga að vera velkomin í Háskóla Íslands óháð trú, uppruna, kynþætti eða stöðu að öðru leyti. Fordómar gegn fólk af erlendum uppruna eru að aukast og þarf Háskóli Íslands að bregðast við vaxandi bylgju rasisma í heiminum.



Markmið	Aðgerðir
Fordómar vegna trúar, uppruna og kynáttar	<input type="checkbox"/> Halda þarf fræðslu um rasisma og fordóma sem eiga sér stað vegna trúarbragða fyrir nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands. <input type="checkbox"/> Fordæma skal allan áróður fasista og nýnasista í íslensku samfélagi.
Háskólinn sé öruggur staður og bjóði öll velkomin.	<input type="checkbox"/> Vitundarvakning á tanngreiningum á ungu flóttafólki. Þær eiga hvorki heima innan veggja Háskóla Íslands né annars staðar.
Menningarlegur fjölbreytileiki	<input type="checkbox"/> Mynda þarf stuðningsnet fyrir flóttafólk sem nemur eða langar að hefja nám við Háskóla Íslands. <input type="checkbox"/> Að öll trúarbrögð hafi aðstöðu til trúariðkunar innan veggja Háskóla Íslands. <input type="checkbox"/> Styðja við og taka þátt í verkefninu "Sprettur" sem miðar að því að minnka brottfall nemenda af erlendum uppruna.

## 8. Umhverfis femínismi

Hamfarahlýnun er að eiga sér stað í heiminum. Fólk sem tilheyrir jaðarsettum hópum samfélaga finna hvað mest fyrir áhrifum hamfarahlýnunarinnar.

Markmið	Aðgerðir
Að gera tengingu milli jafnréttismála og umhverfismála.	<input type="checkbox"/> Að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við allar ákvarðanatökur. <input type="checkbox"/> Samstarf við umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ um málþing um áhrif hamfarahlýnunar á jaðarhópa.

Andrea kynnir hvað nefndin hefur verið að gera frá því að hún tók við. Ekki tæmandi listi á því sem hefur átt sér stað: Reykjavík Pride, jafnréttispubquiz, kynjaþing það sem Andrea og Sólveig voru með fyrirlestur, jafnréttisdagar, jafnréttisbíó

- IAS: Mjög flott og gaman að sjá að jafnréttisnefnd sé svona virk. Nefndin hafi ekki verið nægilega virk í fyrri.
- AC: Hrósa fyrir þennan nýja lið sem beinist að innflytjendum og erlendum uppruna. Hún sé sjálf þátttakandi í Sprettur. Spyr hvað öræriti er? Sólveig og Andrea útskýra hvernig það sé áreiti sem sé kannski ekki stórvægilegt eitt og sér en það sé eitthvað sem er kannski endalaust að gerast. Alltaf eitthvað lítið og á endanum sé það dropinn sem holar steininn. Erfitt að takast á við áreiti endalaust alla daga.

JPP leggur til að taka fyrir í heilu lagi

- Einróma samþykkt

### b. Forseti umhverfis- og samgöngunefndar: - störf við HÍ. Aðalbjörg

22. október 2019

Flutningsaðili:  
Aðalbjörg Egilsdóttir

### - T I L L A G A -

Eftirfarandi breyting er lögð til á stefnu umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs til þess að nefndin og SHÍ þrýsti á að fleira starfsfólk verði ráðið á svið umhverfis- og sjálfbærnimála innan Háskóla Íslands.

#### Umhverfisvitund

Háskóli Íslands er einn stærsti vinnustaður landsins. Ríkisstofnanir þurfa að vera ábyrgar í umhverfismálum og eru stúdentar og starfsfólk háskólans ekki þar undanþegin og þurfa að sýna gott fordæmi í þessum málum.

Markmið	Aðgerðir
Halda fleiri viðburði til að stuðla að fræðslu í umhverfis- og samgöngumálum	<input type="checkbox"/> Veganvika <input type="checkbox"/> Skiptifatamarkaður <input type="checkbox"/> Samgönguvika <input type="checkbox"/> Umhverfisvika <input type="checkbox"/> Flokkunarvika <input type="checkbox"/> Loftslagsvika
Auka virkni Háskóla Íslands á sviði umhverfis- og sjálfbærni mála	<input type="checkbox"/> Þrýsta á að fleira starfsfólk verði ráðið

	<p><b>á sviðið</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Stuðla að góðu samstarfi nefndarinnar við starfsfólk skólans sem vinnur að þessum málum.</li> </ul>
<p>Vinna í samstarfi með FS og HÍ að umhverfisvænna háskólasvæði</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Auka aðgengi að margnota umbúðum svo sem kaffibollum og matarboxum</li> <li><input type="checkbox"/> Auka úrval vegan valkosta í Hámu</li> <li><input type="checkbox"/> Taka einnota hnífapör úr notkun</li> <li><input type="checkbox"/> Hætta sölu plastpoka hjá FS</li> <li><input type="checkbox"/> Skoða hvað skilyrði þarf að uppfylla fyrir sölu á t.d. salötum og samlokum upp á að minnka plastumbúðir</li> <li><input type="checkbox"/> Hefja sölu á grænum kaffikortum í samstarfi við FS.</li> <li><input type="checkbox"/> Bæta booztbar við hliðiná salatbarnum þar sem hægt væri að koma með fjölnota mál</li> <li><input type="checkbox"/> Koma upp aðstöðu til þess að skola og tæma margnota ílát</li> <li><input type="checkbox"/> Viðburðir á vegum HÍ bjóði ekki uppá einnota drykkjarmál</li> </ul>

### Skýring

Síðustu misseri hafa sífellt fleiri gert sér grein fyrir alvarleika loftslagshamfara og annarrar umhverfisvárs og hefur yfirstjórn HÍ oft tekið þátt í umræðunni, og m.a. talað um mikilvægi háskólans og rannsókna hans í baráttunni gegn hamfarahlýnun. Þrátt fyrir þetta er aðeins einn starfsmaður í 60% starfi við HÍ sem vinnur að umhverfis- og sjálfbærnimálum innan skólans auk nefndar sem hittist stopult. Ekki er mögulegt fyrir einn starfsmann, sem ekki einu sinni er í fullu starfi, og eina nefnd að hafa yfirsýn yfir öll umhverfistengd mál í 13.000 nemenda skóla með yfir 1500 starfsfólk.

Til samanburðar starfa tveir jafnréttisfulltrúar við HÍ auk þess sem jafnréttisnefnd er á hverju fræðasviði, innan miðlægrar stjórnsýslu og jafnréttisnefndar með fulltrúum frá öllum fræðasviðum og nemendum, alls tveir starfsmenn og sjö nefndir. Vissulega eru jafnréttismál þungamiðjan í öllu starfi háskólans en miðað við hversu mikla áherslu yfirstjórn skólans hefur lagt á að vinna að umhverfis- og sjálfbærnimálum út á við væri eðlilegt að fleira starfsfólk starfaði við þau mál innan skólans en ein manneskja og að fleiri nefndir ynnu að þeim en ein.

Leggja til að það verði fleiri starfsmenn ráðnir til skólans til að hafa umsjón með umhverfismálum innan skólans. Það er ein kona og er ekki einusinni í 100% vinnu heldur bara 60%. Nefndin eru ekki starfsmenn en eru samt á einhvern hátt nánustu samstarfsmenn Þorbjargar.

- *LG: Hvernig mynduð þið vilja þrýsta á þetta? Þetta hefur verið rætt við rektor fyrir einum og hálfum mánuði síðan. Rektor er kominn í kosningaham og er kannski frekar til í að gera hluti fyrir okkur núna heldur en oft áður.*
- *JPP: Gott fyrir hana að fá þetta skjal til að beita meiri þrýstingi.*

Kosning

Einróma samþykkt

#### a. Kjör í kjörstjórn

- *IAS: Þarf að breyta einstakling. Berst breytingatillaga á einstaklingum. í stað Jónínu kemur Albert Guðmundsson fyrir hönd Vöku.*



**Stúdentaráð Háskóla Íslands**

*Stúdentaráðsfundur  
21. nóvember 2019*

#### **Tilnefningar fylkinganna í kjörstjórn 2020**

Í samræmi við ákvæði 42. d [laga Stúdentaráðs](#) um bókfærð mál er hér með lögð til afgreiðsla á tilnefningum fylkinganna í kjörstjórn lögð til án umræðu.

Samkvæmt 59. gr. laga Stúdentaráðs kys Stúdentaráð fyrir 1. desember ár hvert kjörstjórn til að sjá um kosningar til Stúdentaráðs og sviðsráða. Annað hvert ár skal sú kjörstjórn einnig sjá um kosningar til háskólaráðs. Óheimilt er að skipa Stúdentaráðsliða, háskólaráðsliða eða frambjóðendur til setu í kjörstjórn. Stúdentaráð skipar einnig forseta kjörstjórnar sérstaklega.

Hlutverk forseta kjörstjórnar hefur það í för með sér að ef atkvæði falla jafnt á kjörstjórnarfundi, ræður þá atkvæði forseta úrslitum.

Tilnefningarnar sem bárust voru eftirfarandi:

*Röskva: “Ragnar Auðun Árnason og Elísa Björg Grímsdóttir eru tilnefningar Röskvu í kjörstjórn stúdentaráðskosninga og Háskólaráðs 2020. Þá tilnefnum við Ragnar Auðun sem forseta kjörstjórnar.”*

*Vaka: “Jón Birgi Eiríksson og Jónínu Sigurðardóttir **Albert Guðmundsson** eru tilnefningar Vöku og leggja til að Jón Birgir verði forseti kjörstjórnar.”*

~~Þar sem málið er lagt fram undir bókfærð mál skoðast það sem samþykkt af Stúdentaráði ef það er ekki tekið upp til umræðu og atkvæðagreiðslu á fundi að beiðni fulltrúa SHÍ.~~

- EB: Hver er ástæða þess að þetta kemur upp bara núna?
- IAS: Kom bara upp rétt fyrir fundinn. Þessvegna ekki hægt að láta vita fyrir.

Beðið um fundarhlé.

- Einróma samþykkt að halda hlé.
- JBP: Hélt að það væri eitthvað í lögnum um kynjasjónarmiði en greinilega þá er þetta allt í góðu.
- EB: Í fyrsta lagi er efitt að fá þetta með svona stuttum fyrirvara. Hefði verið betra bara korteri fyrir. Í öðru lagi, afhverju er verið bjóða fram forsæti þegar það er skýr venja um að meirihlutafylking skipar forsætið?
- IAS: Af því að Jón Birgir bað um það
- AC: Er ekki í boði þrátt fyrir að það sé hefð að bjóða fram annan?
- Beðið um Bera fram breytingu sérstaklega:
- EB2: Langar að segja að það er allt í góðu að bjóða fram fyrir hönd minnihlutafylkingar. Spyr Eyrúnu hvernig það hefði verið með samskipti?
- EB: Bauð uppá samtál um þetta en heyrði aldrei aftur frá AC. Ekki fengið neina ábendingu um það að þau telji þeirra forsætisframboð óhæft.
- AC: Teljum það ekki óhæft heldur bara að Jón Birgir sé hæfari. Taldi ekki þörf á frekari samskiptum.

Lagt til að leggja fram breytingatillögu sérstaklega

Kosning á breytingu:

Samþykkt: 19

Sitja hjá: ÁJ, RIR, AE, KÁ

Móti: 0

- Skoðast samþykkt.

Kosning um þessar tilnefningar í heild:

Samþykkt: 21

Sitja hjá: VÖÁ

Móti: 0

- Skoðast samþykkt.

Kosning á milli forsæta:

Ragnar Auðun: 16

Jón Birgir: 6

Sitja hjá: RKG

- Mun Ragnar Auðun gegna hlutverki forseta

**5. Hlé 17:55-18:00**

**6. Tillaga um FeDon (atkvæðagreiðsla) 18:00-18:10**

- a. Tillagan var samin í samráði við FEDON og er til þess gerð að auka rödd og hagsmunagæslu Doktorsnema.

21. nóvember 2019

Flutningsaðili: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ

**-- LAGABREYTINGARTILLAGA --**  
**Um áheyrnarrétt fulltrúa FeDon í stjórn Stúdentaráðs**

**31. gr.**

**Breytingartillaga**

Stjórn Stúdentaráðs skal skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs.

Stjórn Stúdentaráðs skal skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdent

Sérhver fulltrúi í stjórn skal skipa varafulltrúa sinn og hefur hann seturétt á stjórnarfundum sem sá aðalfulltrúi sér sér ekki fært um að mæta á.

Sérhver fulltrúi í stjórn skal skipa varafulltrúa sinn og hefur hann seturétt á stjórnarfundum sem sá aðalfulltrúi sér sér ekki fært um að mæta á.  
 Áheyrnarrétt á fundum stjórnar hafa oddvitar fylkinga í Stúdentaráði ásamt fulltrúa Félagi doktorsnema og Nýdoktora við Háskóla Íslands. Í áheyrnarrétti felst málfrelsisréttur og tillöguréttur en ekki atkvæðisréttur.

### Rökstuðningur

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) leggur til að efla hagsmunagæslu framhaldsnema við Háskóla Íslands. Forseti Stúdentaráðs HÍ hefur átt í miklum samskiptum við FEDON og telur ljóst að tímabært er að tengja betur saman hagsmunagæslu doktorsnema við skólann og störf ráðsins.

FEDON, Félag doktorsnema og nýdoktora við Háskóla Íslands, var stofnað vorið 2010. Markmið félagsins er að standa vörð um hagsmuni doktorsnema og nýdoktora gagnvart HÍ. Í stjórn sitja tveir fulltrúar frá hverju fræðasviði. FEDON skipar einn fulltrúa í stjórn Miðstöðvar framhaldsnáms við HÍ. Miðstöð framhaldsnáms við HÍ er og verður í lykilhlutverki varðandi þróun og umsjón með framhaldsnámi stúdenta við HÍ enda er hlutverk hennar að tryggja gæðakröfur í framhaldsnámi skólans.

Stúdentaráði er ætlað að vera æðsti fulltrúi nemenda innan HÍ en ljóst er að doktorsnemar eru í sérstöðu innan skólans og er framhaldsnám enn tiltölulega nýtt á nálinni í HÍ sögulega séð. Því hefur ákveðin starfsemi sprottið meðal doktorsnema til að tryggja hagsmuni þeirra. Forseti telur ekki rétta leið að líta svo á að FeDon sé einfaldlega hluti af þeim félögum og fulltrúum sem SHÍ talar fyrir, heldur þarf að taka tillit til sérstöðu þessara nemenda, þeirrar stöðu sem upp er komin og vinna með þeim að því að gera hagsmunagæslu eins farsæla og hægt er fyrir þann hóp stúdenta við HÍ. SHÍ getur stutt við og eflt þá hagsmunagæslu sem upp hefur komið, tekið undir hana og verið með, og miðar þessi tillaga að því að vera fyrsta skrefið í því ferli. Kanna þarf hvernig þetta fyrirkomulag myndi henta fyrir félögin og væri í framhaldinu hægt að þróa samstarfið nánar.

Tillagan er samin í sameiningu með formanni FEDON.

Þá er áheyrnarréttur oddvita fylkinga í Stúdentaráði lögfestur.

Vakin er athygli á því að samhliða yrði gerð breyting á heildarendurskoðun laga SHÍ til þess að samræma breytinguna.

Jóna fer yfir málið og rökstyður. Hún er búin að vera í mikilli vinnu með Fedon og þau séu í einkennilegri stöðu.

- *AE: Fangar þessu og vonar að þetta auki tengingu þeirra hérna inn.*
- *EB2: Átti að halda kynningu á SHÍ fyrir Fedon og segir að stjórnin þeirra sé þannig að öll sviðin eigi sæti í Fedon.*
- *IAS: Opnar þetta á fleiri gáttir um að fleiri séu að fara sitja stjórnarfundir?*
- *JPP: Gerir það örugglega. Yrði skoðað þegar það kæmi að því.*

Kosning:

Samþykkt Einróma

#### **7. Tillaga um áskorun SHÍ til Háskólaráðs (atkvæðagreiðsla) 18:10-18:30**

- Í fundargögnum má einnig nálgast eldri fundargögn sem forseti tók saman fyrir Stúdentaráð í upphafi starfárs til að allir ráðsliðar gætu upplýst sig um þetta mál. Í tillögu þessari felst að skrifstofu ráðsins, í samstarfi við flutningsaðila tillögunnar, yrði falið að semja áskorun frá Stúdentaráði til háskólaráðs um að endurnýja ekki samning við Útlendingastofnun um að aldursgreiningar á fylgdarlausum hælisleitendum með líkamsrannsóknum fari fram innan skólans.

21. nóvember 2019  
SHÍ

Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti

Benedikt Traustason, varaforseti SHÍ  
Eyrún Baldursdóttir, oddviti Röskvu í Stúdentaráði



**-- T I L L A G A --****Um áskorun frá Stúdentaráði Háskóla Íslands til háskólaráðs um að endurnýja ekki samning um aldursgreiningar hælisleitenda með tanngreiningum**

Í tillögu þessari felst að skrifstofu ráðsins, í samstarfi við flutningsaðila tillögunnar, yrði falið að semja áskorun frá Stúdentaráði til háskólaráðs um að endurnýja ekki samning við Útlendingastofnun um að aldursgreiningar á fylgdarlausum hælisleitendum með líkamsrannsóknum fari fram innan skólans.

**Rökstuðningur**

Í ljósi þess að Stúdentaráð hefur beitt sér fyrir því að Háskóli Íslands láti af því að framkvæma aldursgreiningar á fylgdarlausum hælisleitendum í formi líkamsrannsókna á tönnum í rúmt ár er lagt til að ráðið ítreki afstöðu sína með áskorun til háskólaráðs enda nálgist tími endurskoðunar samnings HÍ við Útlendingastofnun um málið. Nánar tiltekið samþykkti háskólaráð [þann 7. mars 2019](#) að HÍ skyldi gera samkomulag við Útlendingastofnun um verksamning um klíníska munholsskoðun og röntgenmyndatöku. Samkomulagið gildi í eitt ár og verði tekið til endurskoðunar þremur mánuðum fyrir lok samningstímans.

Þann 9. október sl. sendi ráðið frá sér [umsögn](#) til allsherjar- og menntanefndar Alþingis eftir beiðni nefndarinnar þess efnis. Þar er saga málsins rakin í stuttu máli en þar segir að Stúdentaráð Háskóla Íslands gaf út [yfirlýsingu](#) þann 27. september 2018 vegna aðkomu Háskóla Íslands að aldursgreiningum á fylgdarlausum hælisleitendum hérlendis. Í stuttu máli kemur þar fram að aldursgreiningar á fylgdarlausum hælisleitendum, sem ekki gátu sýnt fram á skilríki sem Útlendingastofnun taldi fullnægjandi, höfðu farið fram innan veggja Háskóla Íslands. Stúdentaráð lýsti yfir andstöðu sinni við að Háskóli Íslands kæmi að þessum rannsóknum. Ástæður þess voru helst að háskólinn eigi fyrst og fremst að vera menntastofnun og það sé hvorki í samræmi við stefnu skólans né til fyrirmyndar fyrir störf HÍ og stöðu hans í samfélaginu, að taka sér hlutverk með þessum hætti í ferli fylgdarlausra ungmenna sem koma hingað í leit að hæli. Auk þess vísaði Stúdentaráð til ónákvæmni niðurstaðna rannsóknanna, deilna um siðferðislegt réttmæti þeirra og að brotið væri á vísindasiðareglum skólans með framkvæmd þeirra. Stúdentaráð vísaði einnig til laga um háskóla og þeirrar þjónustu sem þeim ber að veita samfélaginu og sjálfstæði háskóla sem lögunum er ætlað að tryggja svo að stjórnvöld hlutist ekki til um rannsóknir eða fræðilegt starf innan skólanna.

Áskorunin yrði ítarleg og myndi byggja á umsögn ráðsins til allsherjar- og menntanefndar, fyrrum yfirlýsingum ráðsins og [séráliti](#) Benedikts Traustasonar, sem var í starfshópi Háskólaráðs sem fór yfir málið á sínum tíma. Hún yrði send á alla meðlimi ráðsins.

- *EB: Hugmyndin vaknaði þegar þau föttuðu hvað það er stutt í þessa endurskoðun. Gott að vera tilbúin þegar þetta fer af stað.*
- *EB2: Hjartað á henni er á milljón - Síðasta ár var sturlað og hún er svo hamingjusöm að það er verið að fylgja þessu eftir. Stúdentapólitík getur gert svona. Það eru einstaklingar sem geta ekki tjáð sig og þið eruð að gera það fyrir þeirra hönd.*
- *AC: Getur þú Benedikt sagt aðeins betur frá sem þú spurðir á háskólaþingi?*
- *BT: Spurði á háskólaþinginu hvort (Guðbjörg Linda) þessar reglur næðu yfir bara rannsóknir og kennslu eða líka þjónustu sem háskólinn veitir og svarið var að reglurnar ættu líka að ná yfir þjónustuna.*
- *DTA: Þið eruð frábær og góð vinna. Er til í allt sem fokkar í útlendingastofnun. Þekkir líka marga sem eru þakklát fyrir þessa vinnu.*
- *LG: Hvenær á þetta að koma til endurskoðunar?*
- *BT: Gerir ráð fyrir í desember eða janúar.*
- *LG: Þegar þið vitið að þetta verði lagt til, kannski að stúdentaráð setji í störy til að vekja athygli.*
- *HLM: Leggur til að skoða mótmæli í samvinnu með No borders.*

#### Kosning

- Einróma samþykkt

#### 8. Aðgengismál (atkvæðagreiðsla) 18:30-18:50

- a. Á síðasta fundi Stúdentaráðs þurfti að fresta máli Margrétar Lilju, fulltrúa okkar í ráði um málefni fatlaðs fólks, og Andreu Ósk, forseta Jafnréttisnefndar SHÍ. Tillagan verður nú tekin fyrir.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Reykjavík, 14. október 2019

**T I L L A G A****- Aðgengi við Háskóla Íslands -**

Við undirritaðar hvetjum Stúdentaráð Háskóla Íslands til þess að lýsa yfir stuðningi við fatlaða stúdenta og krefjast aðgerða þegar kemur að aðgengismálum við háskólann. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (e. CRPD) kveður á um að öll eigi sama rétt á námi, óháð fötlun. Þetta ákvæði uppfyllir Háskóli Íslands ekki vegna aðgengisleysis í byggingum og umhverfi háskólans.

**R Ö K S T U Þ N I N G U R**

Háskóli Íslands er stærsta menntastofnun landsins í ríkiseign og ætti að sýna gott fordæmi hvað varðar aðgengi fyrir fatlað fólk. Þegar litið er til sambærilegra háskóla á Norðurlöndunum og í Evrópu kemur Háskóli Íslands illa út þegar kemur að aðgengismálum. Í 24. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks segir í 1. lið að:

Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Þau skulu, í því skyni að þessi réttur megi verða að veruleika án mismununar og þannig að allir hafi jöfn tækifæri, koma á menntakerfi á öllum skólastigum án aðgreiningar.

Langveikir og fatlaðir stúdentar hafa verið knúnir til að hætta í námi þar sem kennslustofur og kennsluhættir eru óaðgengilegir. Mörg námskeið bjóða ekki upp á upptökur á fyrirlestrum og þar af leiðandi ná fatlaðir stúdentar ekki að fylgja námskrá þegar þeir geta ekki mætt vegna veikinda eða læknisheimsóknna. Oftar en ekki velur fatlað fólk að hefja nám við aðrar menntastofnanir vegna skorts á aðgengi við Háskóla Íslands. Það er óásættanlegt að fatlað fólk geti ekki gengið að því sem vísu að komast inn í byggingar og fyrirlestrasali þar sem kennsla á sér stað. Þegar kemur að aðgengi í kennslustofum og fyrirlestrasölum er mikið rými fyrir umbætur. Hjólastólanotendur eiga ekki að þurfa að sitja til hliðar án námsaðstöðu í fyrirlestrum. Fatlaðir stúdentar eiga ekki að þurfa að sitja undir daglegu örareiti af völdum Háskóla Íslands. Við hvetjum því Stúdentaráð Háskóla Íslands til þess að lýsa yfir stuðningi við fatlaða stúdenta. Krefjast aðgerða í aðgengismálum, aukinnar vitundarvakningu og þannig útrýma mismunun vegna fötlunar innan Háskóla Íslands. Þetta er aðeins brot af aðgengisleysi skólans, aðgengi er er miklu víðara en það að að komast í byggingar. Punktaletur, leiðarlínur, túlkapjónusta og aðgangur að auðlesnum texta er einnig baráttumál þegar kemur að auknu aðgengi fyrir öll við Háskóla Íslands.

Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir  
Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

Andrea kynnir tillöguna

- DTA: Þetta er frábært, og þið eruð frábær sem stóðuð að þessari tillögu. Og verða betri en

HR.

- *JPP: Fyrst Margrét gat ekki komið að minna bara á það að hún er okkar fulltrúi í málefnum fatlaðs fólks í háskólanum. Mikilvægt að við séum að halda við þetta.*
- *IAS: Góð tillaga og þörf. Þetta er bara svo rosalega opið og vítt. Hvernig sjáið þið fram á að fylgja þessu eftir.*
- *JPP: Ef þetta verði samþykkt þá fer hún með þetta til Rektors.*
- *AC: Er að velta því fyrir sér með „má ég vera með?“ það er eitthvað lagaáæði um mannvirki. Afhverju er ekki gert ráð fyrir þessu?*
- *JPP: Lögin sem eru tekin fram eiga bara við byggingar sem er verið að byggja. Ekki byggingar sem voru þegar komnar upp.*

Kosning

- Samþykkt: 22
- Sitja hjá: IAS
- Á móti: 0

## 9. LÍN/Menntasjóður 18:50-19:10

- a. Ráðherra fullyrti að 97-99% nemenda kæmi betur útúr nýju kerfi, höfum óskað eftir upplýsingum þaðan. Höfum svo kvartað til úrskurðanefndar um upplýsingamál því þau eiga að veita okkur svör um hvort við fáum aðgang að slíkum gögnum innan 7 daga frá fyrirspurninni, sem var ekki gert. Úrskurðarnefndin hefur staðfest móttöku á kærinni og ég beint því til nefndarinnar að það liggi á málinu því þa ðvarði mál sem er til meðferðar á alþingi og í slíkum tilfellum sé mikilvægt ða hafa öll gögn uppi á borðinu til að taka upplýsta afstöðu.
- b. Við Marinó fórum svo á Rás 2 og X-ið á morgun.
  - *ÁJ: Hrósar fyrir vel unnin störf.*
  - *JPP: LÍS er að borga fyrir birtingar en okkar framlag er auglýsingastofan. Það gekk allt vel en tók fleiri klukkustundir en við bjuggumst við. Hhennar pæling sé að ef það er svona skammur tími í desember og það þyrfti bara að ræða það með framlag frá þeim. Kominn lokapunktur á greinaskriftarátakið*
  - *IAS: Hvernig gengur; hvernig er hljómurinn varðandi það að fá vaxtaþakið? Þegar önnur umræða fer fram þá væri kannski gaman að fá boli frá mark og sam og fara á pallana?*
  - *JPP: ef það er í prófum þá erfitt en annars geggjað í janúar.*
  - *Marinó hefður verið í samskiptum við marga þingmenn og vonandi förum við að sjá árangur.*
  - *AE: Langaði að segja eitt; finnst rosalega mikil vanvirðing á stöðu stúdenta að ætla að hafa aðra umræðu þegar við erum í prófum og líka vanvirðing að gera lítið út stúdentum í pontu.*

*En hrósar góðum vinnubrögðum skrifstofunnar.*

- *IAS: Væri hægt að halda nýjan upplýsingafund eins og var um fyrstu mynd frumvarpsins og ef þetta verður samþykkt hvort það verði hægt að halda röð af fundum um hvernig þetta verður í framkvæmd. Hvað breytist?*
- *RKG: Þakkar fyrir hvað það er búið að vera mikil vinna í að útskýra þetta á mannamáli. Það sé geggjað. Flott vinna í kringum þetta.*

#### 10. Hlé 19:10-19:15

#### 11. Hinsegin mál 19:15-19:35

- a. Fræðsla fyrir Stúdentaráðsliða á málefnum hinsegin fólks

#### 12. Student Hardship fund (atkvæðagreiðsla) 19:35-19:50

- a. Tillagan er samin að frumkvæði Dereks og í samvinnu við forseta SHÍ. Hún er til þess gerð að koma til móts við aðstæður erlendra nema sem eru í þeirri stöðu að njóta ekki réttinda skv. milliríkjasamningum við Ísland en það hefur áhrif á stöðu þeirra gagnvart lánasjóðnum og almennt lögum samkvæmt gagnvart útlendingastofnun o.þ.h.

### -- T I L L A G A --

#### um styrk til framfærslu erlendra nema vegna fjárhagslegra erfiðleika/International Hardship Fund

*Stúdentaráðsfundur 21. nóvember 2019*

*Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir forseti SHÍ og Derek T. Allen*

Lagt er til að því sé beint til lagabreytinganefndar að endurskoða lög Stúdentasjóðs til þess að hægt verði fyrir erlenda nema, frá löndum sem eru ekki með milliríkjasamning við Ísland, að sækjast eftir auka styrk til framfærslu vegna fjárhagslegra erfiðleika.

#### Rökstuðningur

Framtakið kemur að ábendingu Dereks T. Allens. Verkefnið á sér fyrirmynd í [Aberdeen University](#) sem er hluti af Aurora tengslanetinu sem Háskóli Íslands er aðili að.

Erfiðara er fyrir erlenda nema að finna vinnu, sérstaklega ef þeir koma utan EES svæðisins. Þegar stúdentar koma utan EES þá hafa þeir einungis rétt á að vinna 15 klst á viku. Slíkt dugar fæstum til framfærslu. Þegar stúdent finnur vinnu þarf hann að sýna fram á

ráðningarsamning og óska eftir atvinnuleyfi en atvinnuleyfi getur tekið allt að 90 daga. Tæknilega séð mega stúdentar ekki vinna meðan atvinnuleyfi er ekki komið í hús.

Eitt af skilyrðum fyrir veitingu dvalarleyfis og ríkisborgaréttar á Íslandi er að umsækjandi geti sýnt fram á að framfærsla hans sé trygg. Útlendingastofnun miðar við útgefinn lágmarksframfærslustuðul Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Sjá tilkynningar um það [hér](#) og [hér](#). Hjá Útlendingastofnun er stöðugt verið að hækka [lágmarksframfærslu markmið](#) sem viðkomandi þarf að hafa þegar stúdent kemur til landsins eða þarf að endurnýja dvalarleyfi. Það þýðir að fólk kemur hingað til lands með ákveðið mikinn pening til framfærslu en í ljós getur komið að sá peningur dugi ekki eftir nokkra mánuði. Verklag Útlendingastofnunnar er einnig þannig að fréttir um hækkun eru birtar í lok nóvember og byrjun desember, aðeins 5-6 vikum áður en að námsmenn þurfa að skila gögnum (þ.e.a.s. sýna fram á að þeir eru með nóg af pening) til stofnunarinnar. Þá hefur talan verið hækkuð um töluverðar fjárhæðir, jafnvel 100 þúsund krónur fyrir sex mánuða- eða árstímabilið í senn. Ekki er hægt að verða sér úti um svona pening, sérstaklega þar sem aðeins má vinna 15 klukkustundir í viku, innan rúmlega mánaðar.

Reglur Útlendingastofnunnar þegar kemur að námsmönnum má finna [hér](#).

Í ljósi þessara aðstæðna er mikilvægt að reyna að koma upp úrræðum sem tryggja aðgengi erlendra nema að HÍ og tryggja að þeir geti framfleytt sér. Tillaga þessi er lögð fram sem hluti af þeirri vinnu.

English version:

#### **-- M O T I O N --**

**to provide international students the opportunity to receive financial assistance in the form of an “International Hardship Fund”**

*Student Council meeting November 21st, 2019*

*Motioners: Jóna Þórey Pétursdóttir, Student Council President and Derek T. Allen*

We motion for the Amendments Committee to review the regulations of the Student Fund so as to create the possibility for financially-struggling students that come from countries that Iceland does not have treaties with, to have access to a grant.

#### **Justification**

This motion was suggested by Derek T. Allen. This project is based on a similar one in [Aberdeen University](#), which is a member of the Aurora Universities Network that the University of Iceland is also a part of.

It is more difficult for international students to find work, especially if they come from outside the European Economic Area (EEA). When students come from outside the EEA, they have the right to work only 15 hours a week. This is insufficient for most people. When such a student does find work, they have to submit an employment contract and request a student work permit. However, it can take up to 90 days for a student work permit to process. Students are technically not allowed to work until the permit has been processed.

One of the requirements for being granted a residence permit, as well as citizenship in Iceland is that the applicant must prove that they have secure financial support. The Directorate of Immigration (Icelandic: *Útlendingastofnun*, widely known as *ÚTL*) gauges an applicant's level of financial support by referencing the minimum support standard published by City of Reykjavík's Department of Welfare. See the notifications [here](#) and [here](#). The Directorate of Immigration is consistently raising the [minimum support requirement](#) that a student must meet when they come to the country or need to renew their permit. That means that individuals can come to the country with a certain amount of money only for that money to be insufficient after several months. The Directorate of Immigration also operates as such that news regarding minimum support increases are published at the end of November or the beginning of December, just 5-6 weeks before students need to submit documents (that is to say, show that they have enough money) to them. In these cases, the minimum support requirement has increased considerably, even by 100,000 Icelandic crowns for one six-month or one-year period. It is not possible to obtain this much money, especially when one can only 15 hours a week, in slightly more than a month.

The Directorate of Immigration's regulations regarding students can be found [here](#).

Due to these reasons, it is important to try to create programs that ensure international students' access to the University of Iceland by ensuring that they can financially support themselves. This motion is being put forth as a part of that task.

- *AE: Hrósar fyrir þetta. Verði þetta samþykkt mun það þá þrýsta á breytingar á landslögum um þetta efni. Fáránlegt að það þurfi að gera þetta, þau ættu að geta sótt fjárhagsaðstoð annars staðar. En vonar að þetta fari í gegn.*
- *AC: Hrósa fyrir þetta. Vill endilega að það verði gert meira fyrir erlenda stúdenta. Að það verði farið í það að setja þetta í farveg. Það er ekki lagður mikill peningur í þetta.*
- *ÁJ: Mjög flott framtak að opna stúdentasjóð fyrir fjárhagserfiðleika.*
- *EB: Það skiptir svo miklu að hafa fulltrúa ólíkra hópa í stúdentaráði. Það er fokking geggjað að alþjóðlegir nemendur bjóði sig fram í stúdentaráð og geggjað að nota það sem Derek sá í Aurora til að koma með hingað í skólann.*

Kosning:

- Einróma samþykkt

### 13. Önnur mál 19:50-20:00

*Aðgengi að aukakennurum - Azra Crnac (atkvæðagreiðsla)*

**-- T I L L A G A --**  
***um aðgengi að aukakennurum***

Lagt er til að SHÍ í samráði við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands útbúi lista yfir kennara og nemendur sem geta veitt öðrum nemendum aukakennslu. Þá lista ætti að flokka niður eftir deildum skólans og hægt væri að nálgast þá inn á Uglunni sem og hjá náms- og starfsráðgjöfum skólans.

*Flutningsaðilar: Azra Crnac*

#### **Skýring**

Undanfarið fengust ábendingar þar sem nemendur gátu ekki aflað sér upplýsinga um aukakennara varðandi efni sem þeim vantaði dýpri skilning á. Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands gátu ekki veitt nemendum upplýsingar um þá kennara sem taka að sér aukakennslu. Að sama skapi hefur Háskólinn í Reykjavík slíka lista aðgengilega fyrir sína nemendur og er því ekkert til fyrirstöðu en að bjóða upp á sömu þjónustu í Háskóla Íslands. Nemendur ættu að geta leitað til kennara sem geta veitt aðstoð þegar upp koma slík tilfelli og ætti sú aðferð að vera aðgengileg á einfaldan hátt.

- *AE: Þegar hún var í MR þá sá skólinn um svona lista og þá var hámarkið 4000kr. Sér líka fyrir sér að Verk og Nátt samþykki frekar svona því þau eru búin að tala gegn upprifjunarnámskeiðunum.*

Kosning:

- Einróma samþykkt.

*Samgöngumál - Ingveldur Anna*



-- T I L L A G A --  
*um samgöngumál*

Lagt er til að SHÍ þrýsti á framkvæmda- og tæknisvið Háskólans um að fjölga rafhleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla við byggingar Háskólans, þannig það sé a.m.k. ein rafhleðslustöð við hverja byggingu Háskóla Íslands.

*Flutningsaðilar: Ingveldur Anna Sigurðardóttir og Guðrún Karitas Blomsterberg*

### Skýring

Til þess að gera umhverfissvænum samgöngum hátt undir höfði er nauðsynlegt að það sé a.m.k. eina rafhleðslustöð við hverja einustu byggingu háskólans. Það gerir einstaklingum sem eiga rafmagnsbíla að koma í skólann og hlaða bílinn. Til þess að háskólinn sé leiðandi í umhverfismálum er þetta skref í rétta átt.

Það er gríðarlega ábótavant að rafhleðslustöðvar séu til staðar við byggingar Háskólans sem er ekki viðunandi þegar rafmagnsbílar eru að koma á göturnar í síauknum mæli. Á háskólasvæðinu í kringum Sæmundargötu eru 1-3 rafhleðslustöðvar.

Þessi uppbygging yrði liður í því að vera í fararbroddi þegar kemur að orkuskiptum í samgöngum á Íslandi og styðja þar með við minnkun kolefnissporsins í heiminum. Einnig er rafbílavæðing á Íslandi mikilvæg til að standast skuldbindingar Íslands gagnvart Parísarsamkomulaginu. Greitt aðgengi að rafhleðslustöðvum er grundvöllur þess að geta verið á rafmagnsbíl og myndi þessi breyting stuðla að því.

- *AE: Þetta er nú þegar í stefnu umhverfisnefndar - Vill vísa þessu frá þar sem þetta er nú þegar í stefnu SHÍ. Það er nýkominn meiri peningur inn í rafhleðslustöðvar og búið að samþykkja á nokkrum stöðum nú þegar. Þorbjörg sé að vinna nákvæmlega í þessu og sé því óþarfi að samþykkja tillögu um eitthvað sem er að gerast.*

Kosið um frávísun

- Samþykkt: 11
- Sitja hjá: FPP, EH, TAK, AÓS
- Móti: DTA, ÚT, AC, BEÓ, IAS

Frávísun samþykkt.

Annað mál:

*Mótmæli*

Ekki gefst tími til að fara efnislega yfir þennan lið varðandi þátttöku SHÍ í mótmælum.

- EB bókar: Undirrituð fagna mótmælunum og lýsa yfir samstöðu gegn spillingu. Því miður kemur þessi beiðni um þátttöku Stúdentaráðs í skipulagningu mótmæla mjög seint og sökum mikils vinnuálags hjá skrifstofu Stúdentaráðs vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna teljum við ekki nægan tíma til stefnu fyrir Stúdentaráð að taka þátt af heilum hug með svo stuttum fyrirvara. Mótmælin eru þó mikilvæg og við skorum á Stúdentaráð og alla stúdenta til þess að fjölmenna með okkur á laugardaginn.
- Sjáumst þar!
- EB, ÞEP, SVV, FPP, ÁJ, RIR, VÖÁ, AÓS, SD, ERK

JPP leggur til að atkvæðagreiðslu sé vísað frá sökum tíma.

- Einróma samþykkt.

#### 14. Bókfærð mál

- i. *Vísó í Stúdentaráð, 17. janúar nk.*

### -- T I L L A G A --

21. nóvember 2019

Í samræmi við ákvæði 42. d [laga Stúdentaráðs](#) um bókfærð mál er hér með lögð til afgreiðsla án umræðu á að SHÍ haldi í *annað sinn* vísindaferð í Stúdentaráð, líkt og samþykkt var á haustönn að yrði gert.

Stúdentaráð hélt vísindaferð þann 13. september sl. sem [gekk sérstaklega vel](#). Nokkur eftirspurn er eftir að SHÍ haldi aðra slíka vísó. Kostnaði var haldið í lágmarki og er rými í kostnaðaráætlun ráðsins fyrir annarri vísindaferð, sem var kynnt á októberfundi Stúdentaráðs.

Lagt er til að ferlið verði hið sama og var vegna síðustu vísó, þ.e.a.s. skrifstofan haldi utan um skipulagið í samráði við félagslífs og menningarnefnd, og vísóið yrði 17. janúar nk. þegar MVS eru í staðlotum.

Þar sem málið er lagt fram undir bókfærð mál skoðast það sem samþykkt af Stúdentaráði ef það er ekki tekið upp til umræðu og atkvæðagreiðslu á fundi að beiðni fulltrúa SHÍ.

*Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ*  
*Jessý Rún Jónsdóttir, forseti félagslífs- og menningarnefndar SHÍ*

Fylgiskjal 1

**23. Háskólaþing**

haldið í Hátíðasal í Aðalbyggingu Háskóla Íslands  
fimmtudaginn 31. október 2019 kl 13.00-16.30

**Dagskrá og punktar forseta SHÍ:**

## Setning

Mætt f.h. stúdenta: Aðalbjörg Egilsdóttir, Azra Crnac, Eyrún Baldursdóttir, Helga Lind Mar, Ingveldur Anna Sigurðardóttir, Jóna Þórey Pétursdóttir, Margrét Ósk Gunnarsdóttir, Marinó Örn Ólafsson, Rebekka Karlsdóttir, Sigurður Vopni Vatnsdal

**1. Rektor reifar mál efst á baugi í HÍ**

- a. Alþjóðlegt samstarf:
  - i. Samstarfssamningar við skóla - Aurora netið, farið yfir hlutverk Elísabetar Aurora fulltrúa stúdenta, sem forseta Stúdentaráðsins í Aurora, og Jóns Atla í stjórninni.
  - ii. Samevrópskir háskólar er net evrópskra háskóla sem er lagt upp með að verði sterkir og öflugir í samkeppni - Erasmus áætlun, sem á að leiða til samevrópskrar háskólagráðu “European University degree”, fyrsta kall búið hjá samstarfsnetum, HÍ verður í næsta kalli. Fyrsta kall gaf 5 m evra til hvers nets, 120 háskólar eða svo. Halldór Jónsson og Friðrika hafa verið að leiða vinnuna við þessa umsókn f. hÍ. einnig Magnús í viðskiptafræðideild. Verði kynnt f Háskólaráði í desember!
- b. Háskólinn og heimsmarkmiðin:
  - i. Fundirnir ganga útá að taka f 1 af hv 17 markmiðum á fundi.
  - ii. Unnið í samstarfi við Forsætisráðuneytið.
- c. Stefna HÍ
  - i. Farið yfir stöðu innleiðingar
  - ii. Stafræna byltingin í háskólastarfi - mætt. Á að stuðla að öflugu námssamfélagi. Ný Uglya, Canvas námsumsjónarkerfið, Inspira rafrænt prófakerfi, EdX netið sem HÍ er hluti af með opnum netnámskeiðum, hús kennslunnar. Skjalastjórnunarkerfi í uppfærslu og mannauðskerfi..
- d. Framtíðarskipulag Háskólasvæðisins
  - i. Kynnt í háskólaráði í næstu viku (skýrsla hópsins)

- ii. Heildrænt skipulag
  - iii. Hús íslenskunnar - í gangi stofnun árna mag verður þar
  - iv. Hús heilbrigðisvísindasiðs verður við LSH og lækningarð - ný bygging komi með nýjum spítala
  - v. Vísindagarðar - Gróska opnar eftir áramótin. CCP og væntanlega háskólastarfsemi. Tvennt í stefnunni sem talar um húsnaði HVS og MVS hafa beðið síðan 2008 að færa MVS og það er mögulegt færi í Grósku og ákvörðun liggi fyrir á næstu vikum. Tölvunarfræði einnig. Stúentaíbúðir á Vísindagarðasvæði nánast klárar
  - vi. Framkvæmdir hefjast við Gamla Garð á næstu vikum, u.þ.b 70 íbúðum.
- e. Farið yfir viðburði framundan.

## 2. Endurskoðun siðareglna og starfsreglna siðanefndar HÍ

### a. Guðbjörg Linda kynnir málið

- i. Farið yfir skjölin skv. fundargögnum
- ii. Forsendur starfsins og saga reglnanna og siðanefndar kynnt. Fjöldi reglna hefur bæst við reglusafn HÍ t.d. reglur um viðbrögð við kynf ofb. og áreitni. Þá þarf að kanna að fara yfir og samræma. Fer yfir skipun hópsins og umræður innan hans.
- iii. Siðareglur voru endurskrifaðar með tilliti til uppbyggjnar, tilvísanir í aðrar reglur og lög sem eru sértækari og hverni þær kallast á, nemendur eru skýrari í reglunum þeas eru reglurnar ætlaðar öllum. Þekking og skilningur á reglunum mögulega takmarkaður. Lagt til að hlutverk siðanefndar um kynningu siðareglnanna sé aukið töluvert og nefndin standi fyrir samtali um þær. Lagt til að kynningar og námsefni verði lögð fram t.d. krossapróf - í öðrum háskólum er efni og fyrirlestrar til um þessi atriði þar sem sumstaðar eru háskólar með "krossapróf". Skýra þurfi betur stjórnsýslulega stöðu, mál eiga helst að vera leyst innan sinna starfseininga. Skýra kæruleiðir, leikreglur milli nemenda og kennara í skrýtnum aðstæðum. Tilgangur reglnanna að vera vonandi einhverskonar leiðarljós eða uppspretta vinnuvenningar í HÍ.

### b. Umræður og afgreiðsla

- i. Aðalheiður deildarforseti lagadeildar: Fyrning mála? Um hverja og hvar gilda þær nákvæmlega? Tilkyning um mál en viðkomandi verður aldrei hluti af málinu. Guðbjörg: Gildið sé um starfsfólk og nemendur, fyrrv. starfsfólk sé ekki lengur starfsfólk og þá gildi siðareglur HÍ ekki um þá háttarni þegar fólk er farið héðan. Tengist fyrningunni hvort hægt sé að taka upp gömul mál (þarf að skrifa hjá okkur) Staðarlegt gildissvið: Vinnustaður er undir vinnuverndarlögunum ekki bara fýsískur vinnustaður t.d. og ef áreitni á sér stað úti bæ þá sé það þannig tengt vinnunni að þau gildi

- og við lítum svo á að þau gildi eins og er en það þurfi kannski að ræða það.
- ii. Friðrika alþjóðaskrifstofunni: Er talað um whistleblowers? Guðbjörg Linda svarar að í kafla 7, 7.3. að starfsfólk o g nemendur gjaldi ekki fyrir að leita réttar síns og þarna er ætlunin að reyna ða girða fyrir það að farið sé illa með þá sem segja frá.
- iii. Benedikt Traustason fulltrúi stúdenta í Háskólaráði og varaforseti SHÍ: Hvaða þætti háskólastarfsins reglurnar ná utan um, mál um umdeilda þjónustu sem HÍ veitir kom nýlega upp - myndi þetta ná til þess? Svar Guðbjargar að þetta gildi utan um alla starfsemi sem fer fram innan HÍ, einnig þjónustu ekki bara rannsóknir og kennslu.
- iv. Arna Hauksdóttir: lögð er áhersla á að mál séu leyst innan starfseininga, t.d. hvort áreitni geti ekki orðið mjög erfið í þessu? Guðbjörg: Jú það getur verið erfitt að leysa mál sem næst þeim atburði sem hann gerist, þannig er það, en af því að það er ekki alltaf hægt og því sé skynsamlegt að hafa siðanefnd (frekar en að sleppa henni) en af því að það er stundum ákveðinn ómöguleiki að leysa mál í deild að þá er siðanefndin inni.
- v. Guðný Björk Eydal: Staldráð við 5.1. “í nútíð og framtíð” hvernig förum við að því? Guðbjörg: Rætt um að afleiðing þess sem man gerir í dag hafi áhrif áframfæri og að þetta eigi við um kaflann um samfélagslega ábyrgð og afleiðingar.
- vi. Aðalheiður: Þurfi kannski að útkýra hvers konar ábyrgð þetta er og hvort það sé hægt að koma 25 árum seinna en þá kemur í ljós í “framtíðinni” að það sé. Guðbjörg: Engin viðurlög við reglunum, siðareglurnar eru ekki að tala í þeim anda. Anna Rut lögfræðingur bæti við: þetta kemur bara til viðbótar við aðrar starfsskyldur, svo öll sú háttsemi sem kan að fara þága við lög eð asiðareglur eru á ábyrð yfirmanna ða bregðast við því, þessar reglur eru bara einn hluti af þeim viðmiðum sem hegðunin er mátuð við. En fyrst og fremst gildi starfsmannalögin. Nú kemur fram í lögnum að kvartnir sem lúti beinlínis að siðareglum heyri undir nefndina, áreitni eða annað sem heyrir undir starfsmannalögin falli undir valdsvið nefndarinnar,. Páll Rafnar: sat í nefndinni, viðbrögð við spurningu Örmu, að hlutverk nefndarinnar sé í t.d. áreitnismálum sé beint í þann farveg. Einnig um gildissvið um útlönd og að þar sem háskólaborgarr koma saman og við representerum stofnunina sé hugað að æru HÍ.
- vii. Inga Þórs forseti HVS: Vildi þakka fyrir þessa flottu vinnu, við verðum að hafa siðareglur og bent hefur verið á að við eigum svo mart ð ganga í. Hop um einelti, áreitni, o.fl. Hvað það er sem særði eða meiddi - er ekki alltaf ljóst - því ekki skrýtið að sum mál fari

hingað og þangað í kerfinu. Það verði ekki leyst nema í hverju máli fyrir sig.

- viii. JBA með drög að bókun. Felur í sér að ganga frá lokum málsins og frágangi reglnanna í ljós athugasemda sem bárust á þinginu. Bókunin stkoðast samþykkt.

### 3. Endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna.

#### a. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir gerir grein f. málinu

- i. Guðbjörg og Steinunn fara í að segja frá vegferðinni sem þær hafa verið í við hönnun matskerfisins. Hlutverk háskóla til leiðsagnar. Víðtækt samráð í gangi frá 2016.
- ii. Þátttakendur voru spurði hvort ákveðnir þættir eigi að vega meira eða minna í matskerfi opinberu háskólanna, rannsóknir óbreyttar en aðrir þættir er meiri áhersla á kennslu, samfélagsþátttöku og stjórnun.
- iii. Tillögur liggja fyrir hvað þetta varðar: Steinunn fer yfir kennsluna. Tvenns konar verkefni: hvatakerfi kennslu og kennsluakademiá. Hvatakerfi kennslu var unnið með það að leiðarljósi að skapa vinnuumhverfi sem metur aðverðleikum við kennsluþróun á emperískum grunni og án þess að valda viðbótar lag og viðamiklu utanumhaldi. Ef þú uppfyllir viðmið um kennslu færðu þóknun um 15þ á mánuði sem er greitt árlega f framlag til kennsluþróunar, sú launahækkun er varaleg - kannað var hve stór hluti kennara ætti möguleika á þessu. Gerum ráð f að það sé stór hluti kennara. Kennsluakademiá: valinn hópur að kennsluakademíunni og aðildin felur í sér launahækkun um 50 þús á mánuði - kennararnir yrðu þá formelgir og óformlegir talsmenn innan stofnunarinnar, yrð árleg ráðstefna og sérrit um háskólakennslu. MRN er spennt fyrir þessu og vill að HÍ leiði þetta.
- iv. Stuðningur um samfélagsvirkni: Aukinn stuðningur við “samfélagsvirkni” akademísk starfsfólks og stuðlað að auknum sýnileika akademísks starfsfólks - kortlagning á því hvar fólk HÍ er. Fræðasviðin þrói viðmið um hvers konar samfélagsvirkni sé studd og farið er yfir fyrirkomulag stuðnings.
- v. Umræður:
  1. Gyða dósent í stjórn málafræðideild: Jákvætt að verið sé að taka mið af niðurstöðum könnunar. hrædd við að fara inná braut baunatalningar - hugmynd um að byggja á kennslukönnunum og í stuttu máli er það mjög umdeilt hvað þær kannnair séu að mæla og þá sé mikilvægt að breyta þeim. Ekki greitt f akademísk húsverk eins og sjálfsmatsskýrsluna í t.d. stjórn málafræðideild. Steinunn: Mjög meðvituð um baunatalninguna en það sé ekkert

- umbunarkerfi til sem felur ekki í sér mat. Þá verði kennslukannanir endurskoðaðar. Guðbjörg vill meina að þetta sé ólíkt baunatalningunni
2. Torfi forseti ísl og menningaredildar: Tekur undir með Gyðu og gott að það sé tekið tillit til ivljans um að taka á þessum málum og umbuna fyrir kennslu. Spurningar um útfærslu og 15þ sé lág upphæð, frekar en þrepahækkun um t.d. 50 stig þrepahækkunum. Hvernig þetta hefur áhrif á kennsluafslaáttinn. Umræða um 95 ára regluna í samhengi. Rektor segir að verið sé að finna útfærslu á þessu í tengslum við kjarasamninga. Varðandi upphæðina er önnur viðbrögð að þetta sé stór upphæð og íþyngjandi. Guðbjörg: ti skoðunar að minka áhrif aflstíganna.
  3. Jónína Kárdal: Samfélagsvirknin - hvernig horfir hún til stjórnsýslunnar. Steinunn: Ástæða þess að samfélagsvirkni og akademísk framþróun er að störf þeirra séu skilgreind mjög nákvæmlega og innan þeirrar prósentu sé ekkert til sem heitir samféagsvirknir.
  4. Azra er fulltrúi nemenda: Með endurmat á þessum þætti - Steinunn: og viðvarandi launahækkun og það er talað um stutt námskeið eða diplómanám sem leiði til launahækkunar og hún standi - það ætti ekki að vera þannig að þessi þróun í starfi hverfi eða versni.
  5. Brynhildur Flóvenz: Þakkar f þessa vinnu. Nefna varðandi kennsluna og talað um að matið yrði byggt á því a ðnýjunar væru byggðar á empírískum grunni, að það er oft annars eðlis þróun með því að kennarar fái sjálfir hugmyndir t.d. í samtölum við kollega og ákveða að þróa í kennsluháttum. Sú sköpun fari fram innan skólans hjá einstaka kennurum. Varðandi kannanir: hafa varann á þar en einnig að það fara ekki fram kennslukannanir um leiðbeinngar t.d. meistararitgerða og að það yrði tekið upp líka. Eitt er svo formið á matskerfinu og annað er matið sjálft. - tveir einstaklingar skrifa sömu grein og fá mismunandi stig, dæmi um að kk fái fleiri stig og kvk færri. Guðbjörg svarar að það er auðvitað óásættanlegt að við séum ekki öll að fa það sama úr matinu. mögulega sé þörf á úttekt á matinu. Steinunn: Mat á leiðbeiningu til framhaldsnema þufi að taka til greina.
  6. Aðalbjörg úr Stúdentaráði: varðandi hvatakerfi og kennsluakademía beri að fagna. Talað um að fagråd meti hvort að kennarar komist þangað - fá nemendur sæti þar? Einnig með hvatakerfið hvort stúdentar komi að því mati?

Einnig varðandi samfélagsvirkni: Frábært að starfsfólk fái styrkiþegar kemu að þessu og að legja til hvort hægt sé að taka tillit til samfélagsvirkni nemenda. Guðbjörg: Hovrt nemendur geti verið hluti af þessu að það sem er vrið að vinna með núna er að sú sérfræðiþekking sem er til staðar í HÍ nýtist samfélaginu. Við gefum fólki tækifæri til þess og nemendur séu partur af því. Vitað um deildir sem hafa metið til verkefnaeininga vinnu nemenda sem myndu þá falla undir þennan flokk. hægt að taka það til umræðu hvort þa ósé vilji víðar í HÍ til að gera það. Steinunn ; viðurkenningar nemenda liggja til grundvalar um fagráðið með kennslukönnunum og kennsluverðlaunum en taka líka mið af því að þa ósé stúdent í samráði við fagráðið eða jafnvel í því.

7. Svarar Gauta - nei það verða engin stig aflögð hvorki þau sem þegar eru í kerfinu - hvort sem um er að ræða þjonustustig né önnur stig. Þetta er þó tilraunastarfsemi og verður ekki laveg fast.
8. Daði Már forseti FVS: svarar Torfa varðandi upphæðina því Daði kom að því - 15k sé ekki mikið en tvennt beri að hafa í huga, þetta er þóknun sem er föst upphæð óháð launakjörum að öðru leyti. Fyrirmyndin háskólinn í Bergen. Upphæðin átti að samsvara gróflea séð einni aflstigagrein þeas árlega þóknunin. Hugmyndin um að þessu sé sótt um 1x að þeir sem hafa áhuga og telja sig eiga erindi sem leggja á sig á vinnu ekki hinn almenni starfsmaður og þv iekki viðbót við vinnumat í þeim skilningi.

vi. Borin upp bókun: Háskólaþing fjallaði um málið - aths og ábendinar sem tekið verði tillit til áframhaldandi skoðunar á vettvangi rektors.

b. Umræður

**4. Sjálfsmatsskýrsla Háskóla Íslands**

a. Málsmeðferð

i. Jón Ólafsson prófesor og formaður gæðanefndar Háskólaráðs og Áslaug Helgadóttir gæðastjóri kynna

1. Allar einingar skólans hafa verið að fara í gegnum kerfi til að gera það til umbóta - það er fyrst og fremst stuðningur við stofnanir til að tryggja með kerfisbundnum hætti gæði fyrir námsupplifun stúdenta. viðmið prófgráðna og umgjörð rannsókna. Ytri trygging
2. Sjálfsamtíð verði næsti standad fyrir stefnuna. Vinnuferlið: skipaður stýrihópur um ritun sjálfsamtsskýrsluna, ytri matshópur skipaður og ksil á sjálfsmatsskýrslu til gæðaráðs eiga að vera í des.



3. Horft til innri stefnuskjala og upplýsinga á vef, skýrslur innri endurskoðanda hafi verið nýttar og skoðaðar lykiltölur. Ánægjukannanir félagsvísindastofnunnar einnig og svo gögn um innleiðingu HÍ21.
4. Á að enda með aðgerðarlista og dregin hafa verið fram 24 aðgerðir sem eru flokkaðar í a og b flokka. Reynt að kortleggja hvernig þessi viðmið verði uppfyllt. A: sex aðgerðir kynntar og svo vakin athygli á að opin er samráðsgjátt við háskólaþingfulltrúa og fastanefndir háskólaráðs.
5. Guðmundur Valur byrjar á: notkun ytri samanburðar í gæðastarsemi og formgerð samstarfs við hagaðila í tengslum við skipulag námsleiða: Gerð könnun í iðnaðarverkfræði þar sem kom í ljós að á milli nýttist vel eða mjög vel í 80% tilvika stúdenta og farið var yfir hvar nemendurnir eru. Fengu aðila frá eim til að koma og eyndu að fá fyrri nemendur til að mæta sem höfðu bæði innsýn í atvinnulífið og námið. Gekk vonum frammar. Hverjar eru áskoranir sem atvinnulífið stendur, hvernig sjáum við iðnaðarverkfræði, hvernig er mögulegur starfsframi - niðurstöður í mikilli harmoníu. Nokkur mál sem standa útaf - þegar talað er við eldri nemendur og atvinnulíf er það mikill vilji til framkvæmdar/samvinnu. Framkvæmdarleg vandamál voru að finna td útskrifaða nema, mælistigu vandamál um hvað á að mæla, tímalínu vandamál um hvenær er þetta mælt því stundum eru kannanir/spurningar til nemenda lagðar fyrir á erfiðustu önninni þeirra.
6. Hjúkrunarfræðideild: farið yfir ánægjukönnun. Greining var á óánægjunni - fundir með kennurum og fulltrúa nemenda. Ljóst að þetta sneri mikið að skipulagi og samskiptum. Haustið 2017 hafið að deildarofrseti hitti nemendur og segi þeim hvað er í gangi inni deildinni, tekur upp og setur í búning hluti, samskipti við stöfnanir, rætt um mál sem koma upp í deiglu líka, samráðshópur stofnaður, fréttabréf deildarforseta sent út, niðurstöður kennslukannanna eiga ekki að vera leyndarmál og hún hvetur þær til að fara yfir málin.
7. Elsa Eiríksd dósen ivi ðeild faggreinakennslu nýting skilgreindra hæfniviðmiða í tengslum við nám og námsmat: Mikilvægt að finna leiðir til að nýta hæfnimíðmiin, nemendur kalla eftir upptökum en kennarar taka því misvel, margt í gangi um þróun kennslu mtt upplýsingatækni, aðgerðir tengdar upplýsingatækni. Umfjöllun um kennsluskra, námsmann og verklagsreglur um rétt nemenda

- og ferli vegna kvartana vegna námsmats. Og setja gæðskorður. Úrbætur á endurgjöf þar sem þeir fá ekki nægilega endurgjöf og upplýsingar um hvað þeir ættu að vera að gera - ein aðgerð umþessi mál þar sem skoða eigi ferli við endurgjöf og gera skilvirkari endurgjöf til nemenda.
8. Sveinn Agnarsson próf við viðskiptafræði styrking þverfaglegs umhverfis innan HÍ: Formaður umhverfis og auðlindafræði námsbrautarinnar. Kallað á þróun og styrkingu núverandi þverfræðilegar námsleiðir. Þetta á lista yfir þessar A tillögur sem eru brýnar. Fólki hefur heimasvið og þetta fellur því ekki undir hefðbundið skipulag HÍ um svið og deildir. Margar deildir koma að náminu, útskrifast iðulega úr þeirri deild sem sá nemandi er staðsettur sem hafði umsjón með því lokaverkefni. Stöðug aukning nemenda. Vandinn er að það þarf að breyta stjórnskipulaginu þannig að það hamli ekki þróun þessara eininga sem eru þverfaglegar. Í t.d. samkomulaginu um umhv og auðlindafræði rekst fjárhagslegt sjálfstæði á við deililíkan HÍ.
  9. Eiríkur Steingrímisdóld próf við læknadeild styrking umgjarðar og hlutverk doktorsnáms við HÍ. Umgjörð FS þurfi að breyta til að koma til móts við doktorsnema, nemendafélög, hvað þýðir það þá vera með phd og nemendakynningar búnað að vera í gangi. Umsóknarr frestur um nám og doktorsþrógrömm? Auglýsum alþjóðlega og skipulega og þá höfum við kannski úr meiru og betra að velja og valið er úr þeim bestu. Fjármögnun er forsetnda. Ætti HÍ að lobba fyrir hjá vísinda og tækniráði að veita þrógrömm og styrki
  10. Aðgangskröfur, endurkoma og brautskráningarhlutfall Daði Már sviðsforseti FVS: hugmynd hafi mislukkast vegna aðgangskröfur. Hagfr byrjaði 2012 og 2018, lögfr byrjaði 2014 og hættu núna. fjárhagsleg áhrif neikvæð en faglegu áhrifin. Hlutfall virkra nemenda snarhækkaði eftir innleiðingu prófanna. Tölfræðilega er líka hægt að tala um að námsarangur í tölfræði batnaði. Sáum að þetta leiddi til minna brottfalls á frstu misserum og bættrar námsframvindu í hagfr en ekki lögfr. Leiðir til minni hópa sem er ákv jákvæðni á ákv leiti en fjárhagslega mjög erfitt. A prófið er einhverskonar getupróf aptitude próf og eru notuð víða en gallinn nokkur - prófin senda menntaskólanum langt nef. Síá prófsins hefst áður en það byrjar því fólk mætir keki, bjöguð hugmynd nemenda hefur áhrif á hvaða nám þeir velja sér.

Þetta var tilfinning, t.d. nemendur með annan bakgrunn en íslenskan hættu að fara í hagfræði.

ii. Umfjöllun um forgangsatriði til umbóta.

1. JBP: Sæl og blessuð ég heiti Jóna Þórey og er forseti Stúdentaráðs, þakka ykkur öllum kærlega fyrir erindin um þessa mikilvægu vinnu. Vildi bæta við varðandi doktorsnemana í Stúdentaráði lögðum til við stjórn Félagsstofnunar stúdenta breytingu á úthlutunarreglum á stúdentagörðum til að koma til móts við ójafnræði sem doktorsnemar standa frammi fyrir á stúdentagörðum og náðum því í gegn núna í september. Svo það er á réttri leið. En umfram það sem var rætt vildi ég sérstaklega varpa ljósi á að það er gaman að sjá að eitt af þremur case studyum sem er tekið fram í sjálfsmatsskýrslunni í kafla 7.2. sem dæmi um eitthvað sem er gert vel, er að Háskólinn hafi komið til móts við ábendingar til skólans um skort á sálfræðingum og úrræðum þegar kemur að geðheilbrigðismálum stúdenta. Það gerast greinilega góðir hlutir þegar við vinnum saman.
2. Azra með spurningu til Daða: viljum ekki hamla aðgang að námi en eru 300 manna hópar að fá gæðakennslu. Daði: ástæðan fyrir þa fara útí þetta var því þetta var sóun tíma stórs hluta nemenda og kennarans, þessi leið án staðlaðra stúdentsprófa er his vegar ekki leiðin, Azra: Eru nemendur spurðir hvað þeim finnst? Daði: hagfr kemur ekki vel útúr ánægjukönnunum, en nei þeir sá uekki meiriháttar breytingu á þessu.
3. Bjargey með spurningu: fagnar þverfagleg námskeið séu forgagnsatriði. Er raunverulega veið að fara þa veita fjármagni í þetta. Steinunn: telr hafa orðið breyting á síðustu árum þar sem sé mikill raunverulegru vilji í að stuðla að þverfræðilegu námi, ef þetta verður ein meginniðurstaðan úr sjálfsmatinu er það væntanlega að fara að undirbúa þessa skýrslu að verulegu leyti. Áslaug bætir við: Heimsmarkmiðin eigi að verða leiðarljós - til að geta uppfyllt það þurfi nýja nálgun. Umbunin f vinnuframlaið var hja yfirstjórn sem er þannig að akademískir starfsmenn (litið á sem hluti af starfsskyldum)
4. Inga: hvað varðar lýðheilsuna er fyrst og fremst ráðning innan 1 deildar. Þó það sé ekki til fjármagn núna þá er verið að skoða að kennarar sem er í föstum störfum geti tekið að sér sérstök tengsl við lýðheilsu osvfr. Áslaug svarar:

5. Gyða: endurtekið hvort fólk sem komi að skýrsluskrifum fái umbunað frir það með einhverjum hætti? Umbunin f vinnuframlaið var hja yfirstjórn sem er þannig að akademískir starfsmenn (litið á sem hluti af starfsskyldum)
6. Jón hvetur fólk til að taka þátt í samráðinu - lykilatíði.